

Stjórnarfundur

24. nóvember 2008

Fundargerð Stjórn SSA .

Reyðarfirði, Fjarðahótel , 24. nóvember 2008 kl. 12.00.

Mætt eru : Bj. Hafþór Guðmundsson, Ólafur Sigurðsson, Guðmundur Ólafsson, Björn Á. Ólafsson , Guðmundur R. Gíslason, Páll Baldursson og varmaður Anna P. Víglundsóttir. Framkvæmdastjóri er mættur.

Forföll boðaði Ólafur Ármannsson.

Eftir hádegisverð, þar sem Guðmundur R. Gíslason bauð stjórn SSA velkomna í Fjarðabyggð ,höfst stjórnarfundurinn .

1. Fundur settur.

Formaður setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna til fundar. Björn Á . Ólafsson sat sinn fyrsta stjórnarfund . Gengið var til fyrirbyggjandi dagskrár.

2. Fundargerð framkvæmdaráðs SSA 4. nóvember 2008.

Liðir 12/1 : Þakkir til Færeyinga og 12/2 Landshlutabanki ? voru ræddir.

12/1 Stjórnarmenn sammála um að vinir okkar í Færejum eru vinir í raun með þeim viðbrögðum sem þeir hafa sýnt Íslendingum á. erfiðleikatímum. (sjá bókun 6/3)

12/2 Landshlutabanki ? (frestað frá fundi framkvæmdaráðs 4. nóv. sl.)

G.Ó. lýsti sig vanhæfan . Samþykkt .

Í umræðum stjórnarmanna kom fram að hugmyndin hefur verið rædd. Þar sem allt fjármála umhverfi s.s banka og sparisjóða er í algerri uppstokkun og mikil óvissa ríkir um framhaldið er rétt að fara sér hægt en viðra hugmyndina áfram t.d. við Sparisjóð Neskaupsstaðar . Framkvæmdastjóra ,formanni og ÓÁ falið að fylgjast með framvindu.

3. Frá landshlutasamtökum .

3/1 Eyþing: Bréf 23.okt.2008 . Samráðsnefnd SSA og Eyþings.

G.Ó.snýr aftur til þáttöku í fundinum.

Tilkynnt er um skipan Eyþings í Samráðsnefnd Eyþings og SSA.

Fyrir liggur að fulltrúar SSA í samráðsnefndina er framkvæmdaráð SSA

Framkvæmdastjóri gat þess að hann hafi rætt við framkvæmdastjóra og formann Eyþings og stefnt er á fund í Mývatnssveit fyrir áramót.

Helstu brýnu samstarfsverkefni eru t.d. lausnir í úrgangsmálumog málefni nýrra íbúa,.

Einnig óskar Eyþing eftir stuðningi SSA við baráttu þeirra fyrir álveri við Bakka.

3/2 Samráðsfundur form. og framkv.stj. landshlutasamtakanna 12. nóv. sl.

Formaður sagði frá helstu málum sem rædd voru þ.e samskipti ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnar , jöfnunarsjóður , endurskoðun á starfsemi landshlutasamtakanna og svæðasamvinnu sveitarfélaga. Formaður fyrir hönd SSA skilaði af sér umsjón á samstarfi LHSS til höfuðborgarsamtakanna.

4. FRÁ Sambandi isl. sveitarfélaga.

4/1 Fundargerð stjórnar 758. fundur 31. okt. 2008

Lögð fram. Liðir 4. og 5. ræddir.

4/2 Fjármálaráðstefna sveitarfélaga .

Tekjustofnar sveitarfélaga og fjárhagsáætlanagerð. (Hagd. G.A.J)

Sjá bókun lið 5.

5. Skatttekjur 2007- skipting-afkoma .(sjá fylgigögn)

Farið var yfir stöðuna hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig þannig.

Djúpavogshreppur. Íbúar 1/12 07. 450 Skatttekjur pr. íbúa kr.540.000

Formaður sagði að sveitarstjórn Djúpavogshrepps hafi nýlokið við 8. mánaða uppgjör.Fjárhagsáætlun verður ekki endurskoðuð. Ljóst er að árið verði gert upp mun jákvæðara en ella vegna sölu eigna .

Beðið er með að hefja vinnu við gerð fjárhagsáætlunar af fullum krrafti . Jöfnursjóðurinn er 35% af heildartekjum sveitarfélagsins og því ræður miklu um hver t.d niðurstaðan um aukaframlgið 2009 verður. Frítt verður í sund fyrir öll börn til loka skólaaldurs frá 1. nóv. 2008.

Atvinnuástand enn gott en eins og annarstaðar vita menn of lítið hvað framundan er . Hann sagði að síðustu upplýsingar varðandi Gift fjarmögnunarfyrirtæki væru lítt uppörvandi en þar er talið að Djúpavogshreppur og Vopnafj,hreppur hafi átt tilkall til eigna sem allt útlit er fyrir að sé tapað. Þeir munu óska eftir því að það mál allt verði rannsakað. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins um síðustu áramót 522. millj.kr (árbókin)

Breiðdalshreppur : Íbúar 1/12 07 218 skatttekjur pr. íbúa kr. 604.000.

P.B. Lítil sveitarfélög eiga orðið erfitt með vegna fámennis í stjórnsýslunni að sinna upplýsingagjöf. , sem hefur aukist mikið. Tæp 50% af heildartekjum sveitarfélagsins koma frá jöfnunarsjóði og aukaframlagið eitt sér er 15% af heildartekjunum. Atvinnuástand brothætt.

Gert er ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu í ár . Skuldir og skuldbindingar 232. millj. (árbók) þar af er ca 50% vegna félagslegs húsnæðis í sveitarfélaginu.

Lítið sem ekkert hefur verið um framkvæmdir í sveitarfélaginu sl. 2 ár.

Sveitarfélagið kemst ekki af án jöfnunarsjóðsins.

Fjarðabyggð . Íbúar 1/12 07 5.111 skatttekjur p.r íbúa 542.000.

G.R.G.sagði að búið væri að fresta nokkrum framkvæmdum sem fara átti í á þessu ári og 2009.Unnið er í fjarhagsáætlun og gatið sem setið er nú yfir er um 100 millj. Atvinnuástand er gott , sjávarútvegurinn er í lagi enda hefur átt sér stað mikil hagræðing og Fjarðaál og þjónustufyrirteki við álverið skila sínu .Útflutningur því mikill sem krónan hjálpar í dag. Allnokkuð um laust húsnæði sem unnið er í að nýta. ca30 % af skuldum sveitarfélagsins er í erlendu. Skuldir og skuldbindingar um sl. áramót alls 6.800 millj. (árbók)

Fljótsdalshérað: Íbúar 1/12 07 4073 skatttekjur pr. íbúa 457.000

G.Ó og B.ÁÓ sögðu að mikil óvissa ríkti um útsvarstekjur. Til stóð að fara í allmiklar framkvæmdir á næsta ári , en nú er erfitt um fjármögnun og því ríkir mikil óvissa um framhaldið. Fjánhagsáætlanagerð er í gangi og gatið sem setið er yfir í dag er um 130.millj.Atvinnuástandið er mjög brothætt og búast má við fjölgun atvinnulausra um nk. mánaðarmót. Allstór verktakafyrirteki og önnur þjónustufyrirteki berjast í bökkum vegna verkefnaskorts ofan í í hrunið.Landbúnaðurinn er skuldsettur og þar eru miklir erfiðleikar .

Skuldir og skuldbindingar um sl. áramót. 2.700.millj.(árbók)

Seyðisfjarðarkaupstaður : Íbúar 1/12 07 716 Skatttekjur pr. íbúa 492.000.

Atvinnuástand er gott og ekki gert ráð fyrir að útsvarstekjur falli eins mikið og rætt er um t.d á fjármálaráðstefnunni.

Endurskoðun fjarhagsáætlunar 2008 er lokið.Ekki mikil breyting . Unnið verður við viðbygging leikskóla og fráveitu framkvæmdir 2008-2009 Séð er fyrir fjármögnun (Lánasjóður)Frestað verður bryggju framkvæmdum hjá Hafnarsjóði Frítt fyrir íbúa í sund og líkamsrækt. Beðið með að ljúka endanlega gerð fjánhagsáætlunar þar til forsendur liggja betur fyrir t.d með jöfnunarsjóðinn.

22% af heildartekjum bæjarsjóðs koma frá jöfnunarsjóði .

Skuldir og skuldbindingar um sl .áramót kr. 1.080. millj. (árbók).

Borgarfjarðarhreppur : Íbúar 1/12 07 146 Skatttekjur pr. íbúa 496.000

Framkvæmdastjóri spjallaði við sveitarstjóra Jón Þórðarsson í gær og var hljóðið gott í honum . Atvinnuástand í lagi og meðan fiskast gengur vel hjá okkur .

Allt íbúðarhúsnæði í notkun og vantar nú húsnæði. Beðið með lokagerð fjárhagsáætlunar þar til forsendur liggja fyrir með Jöfnunarsjóðinn Framlög hans eru tæp 50% af heildartekjum sveitarsjóðs. Sveitarfélagið kemst því ekki af án jöfnunarsjóðsins.

Rekstarniðurstaða var jákvæð um sl. áramót .

Skuldir og skuldbindingar 74. millj. um sl áramót. (árbók)

Fljótsdalshreppur : Íbúar 1/12 07. 366 . Skatttekjur pr. íbúa 674.000.

Eins og fram kemur hjá sveitarstjóra Gunnþórunni Ingólfssdóttir á símafundi forstöðumanna aðildarsveitarfélaga SSA 22. okt. sl (sjá fundargerð framkvæmdaráðs SSA 24. nóv. sl. 5. liður.) kemur sveitarfélagið fjárhagslega vel undan framkvæmdatímabilinu á hálendinu sem nú er að ljúka. Góð rekstrarafkoma er hjá sveitarfélaginu og eigið fé allnokkuð. Af því eru um 30 % í peningamarkaðssjóði L.I. og líkur á að þar tapist eitthvað. Staða landbúnarins er áhyggjufreft. Vinna er hafinn við fjárhagsáætlun. . Þó jöfnunarsjóður hafi ekki verið stór hluti af heildartekjum sveitarfélagsins nú síðust ár er beðið niðurstöðu um afdrif hans. Skuldir og skuldbindingar 79.0 millj. um sl. áramót (árbók)

Vopnafjarðarhreppur : Íbúar 1/12 07 701 Skatttekjur pr. íbúa 473.000.

APV . sagði atvinnuástand gott og fyrirhugaðar framhaldsframkvæmdir Granda við stækkjun mjölverksmiðjunnar á staðnum jákvæðar. PNA í samstarfi við sveitarfélagið opnaði starfstöð í Kaupvangi í haust sem eru miklar vonir bundnar við. Framkvæmdir við Leikskóla og við höfnina hafa verið í gangi . En nú hafa allar framkvæmdir sveitarfélagsins verið settar í bið. Sveitarfélagið er ekki með erlend lán . 36/% af heildartekjum sveitarsjóðs koma frá jöfnunarsjóði og því ræður miklu um afkomuna á næsta ári hvernig fer fyrir jöfnunarsjóði.

Skuldir og skuldbindingar um sl.áramót 908.0 millj. (árbók)

6. “Aðgerðaráætlun” stjórnar SSA . (frestað á fundi framkvæmdaráðs 4.nóv.)

6/1 Samantekt framkvæmdastjóra til stjórnar 4. nóv. sl.

Farið yfir samþykktir frá aðalfundi 2008 og áherslur til úrvinnslu stjórnar SSA.

Aðgerðarlistinn telur 19 liði . Framkvæmdastjóri fór yfir hvern lið fyrir sig.

Varðandi **lið 2: Málþing um eflingu sveitarstjórnarstigsins .**

Samþykkt að stefna á mars/ apríl .Form og framkvstj, falið að undirbúa málþingið.

lið3: Framtíðarskipulag á samstarfi sveitarfélaga í SSA . Skipan starfshóps.

Framkvæmdastjóri lagði til að eftirtaldir skipuðu starfshópinn.

Bj. Hafþór Guðmundsson Djúpvogshreppi, form SSA

Soffía Lárusdóttir Fljótsdalshéraði , fyrrv. formaður SSA

Smári Geirsson Fjarðabyggð , fyrrv. form SSA .

Stjórn SSA samþykkti samhljóða skipan starfshópsins .

Liðir 1-4-5-6-7-8. Eru þegar í vinnslu

lið9: Egilstaðaflugvöllur-ferjuhöfn Seyðisfirði og Mjóeyrarhöfn.

Verkefni : Frekari nýting –atvinnuppbygging og framtíðarsýn.

Atvinnu og auðlindanefnd SSA í samstarfi við ÞFA með atvinnumálanefndum Seyðisfjarðar Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar.

Framkvæmdastjóra SSA falið í samvinnu við framkvæmdastjóra ÞFA að koma verkefninu af stað.

Liðir 10-11 : Eru þegar í vinnslu

Liðir 12.-13. og 14.: Stuðningur við menntun-menningu og ferðaþjónustu.

Starfshópur SSA og stoðstofnananna sem kosinn var á aðalfundi SSA .

Formaður SSA og framkvæmdastjóri sitja í starfshópnum ásamt framkvæmdastjórum Þekkingarnets-Meningarráðs –og Markaðsskrifstofu Austurlands.

Liður 15: Verkefni : Miðstöð sjávarútvegsrannsóknna á Austurlandi.

Samstarf : SSA-Fjarðabyggð-ÞNA-Búland . Verkefni ekki hafið.

Liður 16: Verkefni : Staðbundið háskólanám á Austurlandi .

Samstarf : SSA- ÞNA-Vísindagarðar e.h.f og Fljótsdalshérað. Verkefni Hafið.

Liður 17: Verkefni : Rannsóknarsjóður Austurlands.

Samstarf : SSA-ÞNA/rannsóknir-sveitarfélög-atvinnurekendur.

Ath/ Rétt þykir í ljósi bankahrunsins að fresta verkefninu um tíma.

Liður 18: Verkefni : Efla framhaldsnám : Bóknám- iðnnám-starfsnám.

Samstarf SSA-ÞNA-AFL -skólameistarar .

Liður 19: Verkefni : Samgöngur –vegir-flugvellir –hafnir-fjarskipti.

Samgöngunefnd SSA -SASSSA : Samþykktir aðalfundar um samgöngumál.

6/2 Bréf framkvæmdastjóra til aðildarsveitarfélaga 9. nóv. sl.

Í bréfinu gerir framkvæmdastjóri aðildarsveitarfélögunum grein fyrir vinnu starfshóps SSA varðandi verkefnið “Lausnir á meðferð og úrrvinnslu úrgangs” en hópurinn hefur unnið með verkefnið frá hausti 2007. Aðalfundur SSA nú í haust, þar sem verkefnið var kynnt, fól starfshópnum að vinna áfram með verkefnið og ljúka því. Stefnt er á kostnaðargreiningu tveggja til þriggja leiða að markmiðinu. Eyþing hefur óskað eftir samstarfi við SSA um verkefnið og framundan er samráðsfundur.

6/3 Þakkir til Færeyinga frá SSA (8. nóv. 2008)

Eftirfarandi þakkir um stuðning sendu form. og framkvæmdastjóri.

Þakkir til Færeyinga og Færeysku landstjórnarinnar .

Stjórn SSA, Samband sveitarfélaga á Austurlandi, metur mikils þann hlýhug og stuðning sem Færeyska þjóðin sýnir Íslendingum og Austfirðingum í þeim efnahagslegu hremmingum sem þjóðin stendur nú frammi fyrir.

Samvinna og gagnkvæm virðing góðra nágranna, Austfirðinga og Færeyinga, til margra ára stendur á traustum grunni og sveitarfélögin á Austurlandi og íbúar Austurlands þakka því vinum sínum í Færeyjum ómetanlegan stuðning á erfiðum tímum. Lifið heilir-góðu vinir.

Fh.SSA- Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri

Björn Hafþór Guðmundsson form. stjórnar.

7. Endurskoðun á starfsemi Landshlutasamtakanna

og svæðasamvinnu sveitarfélaga.

Starfshópur Samgönguráðherra

Formaður upplýsti að Sigríður Finsen fyrrv. formaður stjórnar SSV hafi verið skipuð af ráðherra í starfshóp ráðuneytisins einnig Aðalbjörn Björnsson skólastjóri Vopnafirði. Í lið 6/3 hér á undan er skipaður starfshópur SSA sem fjalla á um framtíðarskipulag á samstarfi sveitarfélaga í SSA í breyttu landslagi.

8. Þingmanna viðtöl aðildarsveitarfélaga 17. nóv. sl.

Þingmenn kjördæmisins voru hér í viðtölum við aðildarsveitarfélögin mánudaginn 17. nóvember. Helmingur þingmanna var mættur. Slök mæting skýrðist að þeirra sögn af önnum þeirra syðra sem ekki gátu mætt m.a. v/ bankahrunsins og ástandinu sem því fylgdi. Fulltrúar frá öllum sveitarfélögum og helstu stoðstofnunum mættu.

Ekki talin ástæða til að breyta fyrirkomulagi viðtala en nauðsynlegt að þingmenn mæti allir.

9. Staðan : Tillögur Norð-austurnefndar .

Formaður sagði frá því að á fundi fulltrúa Nýsköpunarmiðstöðvar / Impru með Baklandinu (sveitarstjórunum 5) og framkvæmdastjóra SSA , fyrir sunnan 13. nóv. sl. hafi verið farið yfir verkefnið og innkomu Nýsköpunarmiðstöðvar í þær tillögur sem hún á að vinna með heimamönnum. Þar var ákveðið að fulltrúar Nýsköpunarmiðstöðvar komi sem fyrst í Egilsstaði og haldi þar fund með stoðstofnunum (Þróunarfélagið-Þekkingarnetið-Meningarráðið-Markaðsstofan).

Framkvæmdastjóri SSA í samvinnu við framkvæmdastjóra ÞFA skipulagði fundinn sem haldinn var á Egilsstöðum 19. nóv. sl. Þar mætti framkvæmdastjóri N/Impru Berglind Hallgrímsdóttir og tveir fulltrúar (Nöfn ?) ásamt fulltrúum frá öllum nefndum stoðstofnunum. Farið var yfir verkefnið ásamt því að fulltrúar stoðstofnanna komu á framfæri skoðunum sínum. Stefáni ÞFA falið í samvinnu við Berglindi framkv. stjóra Impru að finna húsnæði fyrir starfseminu á Egilsstöðum .

Í framhaldinu er stefnt að því að fulltrúar frá Nýsköpunarmiðstöðinni og Þróunarfélaginu heimsæki sveitarfélögin 5 og fari yfir með heimamönnum hvernig best er að koma tillögunum í framkvæmd. Fjárlagagerð hjá ríkinu er í biðstöðu og boðaður er mikill niðurskurður Í þeim drögum sem liggja fyrir nú eru fjárveitingar til verkefnanna.Ekkert er samt fast í hendi fyrir en fjárlögin liggja fyrir upp úr miðjum des.

10. Bréf og erindi sem borist hafa.

10/1 Vaxtarsamningur tilnefning í stjórn .

Hjalti Þór Vignisson bæjarstjóri Hafnar og formaður stjórnar Vaxtarsamnings Austurlands hefur óskað eftir lausn frá stjórnarsetu. Hann óskar eftir því að SSA tilnefni annan í sinn stað. Á sínum tíma var óskað eftir því að SSA fyrir hönd sveitarfélaganna tilnefndu mann í stjórn Vaxtarsamningsins og mælt með því við ráðherra að sá tilnefndi taki formennsku í stjórn . SSA tilnefndi Hjalta og skipaði ráðherra hann síðan sem formann.

Stjórn SSA samþykkir fh. sveitarfélaganna að tilnefna Pál Baldursson sveitarstjóra Breiðdalshrepps í stjórn Vaxtarsamnings Austurlands í stað Hjalta Þórs Vignissonar bæjarstjóra Hafnar. Stjórn SSA þakkar Hjalta fyrir stjórnarstörf.

10/2 Seyðisfjarðarkaupstaður dags. 12.11.08.

Sjúkraflugvél á Egilstaðaflugvelli .

Lagt fram: Tekið undir.

10/3 Í þróttu og Ólympíusamband ísl . dags. 14.11.08 .

Treysta stoðir barna og unglíngastarfs.

Lagt fram : Tekið undir.

12. Önnur mál.

12/1 Árgjöld sveitarfélaga 2009.

Framkvæmdastjóri lagði fram útreikning á árgjöldunum aðildarsveitarfélaga fyrir 2009. Samkvæmt árbókinni hafa skatttekjur allra sveitarfélaganna hækkað um 11% milli ára 2006-2007. Mest 22% (Fljótsdalshreppur-Breiðdalsvík og Djúpivogur.) Minnst Fjarðabyggð 6% og Fljótsdalshérað 9%.

Nú í ár eru árgjöldin 0.144% af skatttekjum sveitarfélaganna en verða 2009 0.136%

Hornafjörður er horfinn úr SSA hópnum nú um áramót og því gefa árgjöldin um eina milljón lægri tekjur 2009 (-12%).

Hann mun senda sveitarfélögunum útreikinginn eftir nk. mánaðarmót.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson

p.s. Að loknum stjórnarfundum hófst aðalfundur Héraðsnefndar Múlasýslna .